




VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

---



# Ársskýrsla innflytjendaráðs 2017

Janúar 2018

---



Velferðarráðuneytið: Ársskýrsla innflytjendaráðs 2017  
Janúar 2018

Útgefandi: Velferðarráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík  
Sími: 545 8100  
Bréfasími: 551 9165  
Netfang: [postur@vel.is](mailto:postur@vel.is)  
Veffang: [velferðarraduneyti.is](http://velferðarraduneyti.is)

Umbrot og textavinnsla: Velferðarráðuneytið

© 2018 Velferðarráðuneytið

ISBN 978-9935-477-35-4

# Efnisyfirlit

Inngangur	4
Hlutverk innflytjendaráðs:	4
Aðalmenn	4
Varamenn	4
1 Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda	5
2 Þróunarsjóður innflytjendamála	6

# Inngangur

Starfandi innflytjendaráð var skipað 23. mars 2017 samkvæmt lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012.

Samkvæmt 5. gr. laganna er hlutverk innflytjendaráðs að:

1. vera ráðherra til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málefnum innflytjenda og hafa eftirlit með framkvæmd hennar,
2. stuðla að samhæfingu og samráði milli ráðuneyta, sveitarfélaga og innan stjórnsýslunnar,
3. stuðla að opnum umræðum um málefni innflytjenda með ráðstefnum og fundum með hagsmunaaðilum,
4. gera árlega tillögu til ráðherra um hverjar áherslur þróunarsjóðs innflytjendamála skulu vera,
5. gera árlega tillögu til ráðherra um veitingu styrkja úr þróunarsjóði innflytjendamála,
6. skila ráðherra árlega skýrslu um störf sín og vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.
7. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Skýrsla þessi er rituð í samræmi við f-lið 5. gr. laga um málefni innflytjenda.

Skipun innflytjendaráðs fylgir alþingiskosningum og hefur ráðið sem nú situr starfað í átta mánuði. Innflytjendaráð skipa:

## Aðalmenn

- ▶ Tatjana Latinovic, án tilnefningar, formaður,
- ▶ Miroslaw Luczynski, án tilnefningar,
- ▶ Ívar Már Ottason, tiln. af innanríkisráðuneytinu,
- ▶ Guðni Olgeirsson, tiln. af mennta- og menningarmálaráðuneytinu,
- ▶ Anna Guðrún Björnsdóttir, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
- ▶ Sabine Leskopf, tiln. af Reykjavíkurborg.

## Varamenn

- ▶ Luciano Dutra, án tilnefningar, varaformaður,
- ▶ Johanna Elizabeth Van Schalkwyk, án tilnefningar,
- ▶ Lilja Borg Viðarsdóttir, tiln. af innanríkisráðuneytinu,
- ▶ Björk Óttarsdóttir, tiln. af mennta- og menningarmálaráðuneytinu,
- ▶ Þórður Kristjánsson, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
- ▶ Stefán Eiríksson, tiln. af Reykjavíkurborg.

Forstöðumaður Fjölmenningarseturs, Rúnar Helgi Haraldsson, situr fundi ráðsins og hefur málfrelsi og tillögurétt. Starfsmaður ráðsins til margra ára var Linda Rós Alfreðsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu. Frá 1. nóvember 2017 tók Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu, við hlutverki starfsmanns.

Helstu verkefni innflytjendaráðs á þessum stutta skipunartíma voru tvíþætt, annars vegar þróunarsjóður innflytjendamála og hins vegar framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.

Á tíu mánaða tímabili hafa verið haldnir átta fundir ráðsins, auk tveggja funda með helstu hagsmunaaðilum og samstarfsaðilum. Markmið þeirra funda var annars vegar að kynna þróunarsjóð innflytjendamála og hins vegar að ræða framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.

# 1 Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda

Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016–2019 var samþykkt á Alþingi í september 2016. Áætlunin er byggð upp af fimm stöðum sem eru samfélagið, fjölskyldan, menntun, vinnumarkaður og flóttafólk. Þar eru 30 samþykktar aðgerðir sem stuðla allar að því að tryggja jöfn tækifæri allra landsmanna, óháð einstaklingsbundnum þáttum og aðstæðum. Aðgerðirnar eru á ábyrgð þriggja ráðuneyta: Velferðarráðuneytisins, innanríkisráðuneytisins (nú ýmist dómsmálaráðuneytisins eða samgönguráðuneytisins) og mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Framkvæmdaáætlunin var unninn innan innflytjendaráðs á árunum 2014–2016 í samráði við sérfræðinga og hagsmunaaðila. Að mati innflytjendaráðs felur framkvæmdaáætlunin í sér góða kortlagningu á helstu úrlausnarefnum varðandi málefni innflytjenda og brýnt að hrinda þeim aðgerðum í framkvæmd sem hún kveður á um. Hún gerir ráð fyrir víðtæku samstarfi ýmissa aðila sem vinna að málefnum innflytjenda. Eitt af meginverkefnum Fjölmeningarseturs er til dæmis eftirfylgni með framkvæmdaáætluninni í málefnum innflytjenda.

Á haustmánuðum stóð innflytjendaráð fyrir samráðsfundi með það að markmiði að skapa vettvang fyrir samtal þeirra aðila sem nefndir eru sem framkvæmda- og samstarfsaðilar í aðgerðum áætlunarinnar. Á fundinum voru ræddar ellefu aðgerðir og hafa niðurstöður verið kynntar fyrir fundarmönnum. Einnig voru á fundinum kynntar niðurstöður viðhorfskönnunar um innflytjendur en sú viðhorfskönnun er ein af aðgerðum áætlunarinnar.

Innflytjendaráð telur mikilvægt að auka upplýsingaflæði milli ráðuneyta, ríkisstofnana, sveitarstjórna og hagsmuna- og félagasamtaka við framkvæmd aðgerða í áætluninni og tryggja aðkomu þeirra að gerð tillagna að aðgerðum eins og áætlunin kveður á um. Jafnframt er mikilvægt að efla utanumhald um framvindu verkefna og taka reglulega stöðumat á aðgerðum. Framkvæmd aðgerðanna hefur seinkað, ekki síst vegna tíðra breytinga innan stjórnáætlunarinnar. Nauðsynlegt er að tryggja framkvæmd allra aðgerðanna með fullnægjandi fjármagni á fjárlögum og hefur Fjölmeningarsetur nú sent beiðni um upplýsingar um stöðu verkefna til allra ábyrgðaraðila aðgerða framkvæmdaáætlunarinnar. Eftir að niðurstöður berast úr þeirri athugun Fjölmeningarseturs er mikilvægt að fara aftur yfir stöðu aðgerðanna, skoða hvort rök séu til að setja aðgerðir í annan framkvæmdafarveg en kveðið var á um í áætluninni, setja skýran tímaramma og forgangsraða aðgerðum eftir atvikum. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á að tillögurnar gera ráð fyrir að settir verði á laggirnar 18 starfshópar til að vinna aðgerðatillögur en aðeins einn slíkur hópur hefur verið skipaður; nefnd um samræmda móttöku flóttafólks, sbr. aðgerð E1.

Innflytjendaráð er ábyrgðaraðili að fjórum aðgerðum samkvæmt framkvæmdaáætluninni, þ.e. aðgerðum A2, A5, B5 og D3. Ráðið hefur ákveðið að fara af stað með aðgerð A5 sem snýr að málþingi innflytjenda. Markmið þeirrar aðgerðar er að auka og efla lýðræðislega þátttöku innflytjenda, samstarf félags- og hagsmunasamtaka innflytjenda, áhrif þeirra á hagsmunamál sín og þátttöku þeirra í stjórnámálum.

## 2 Þróunarsjóður innflytjendamála

Þróunarsjóður innflytjendamála var settur á fót árið 2007. Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og þróunarverkefni á sviði málefna innflytjenda með það að markmiði að auðvelda innflytjendum aðlögun að íslensku samfélagi og gera samfélaginu betur kleift að koma til móts við þá. Háskólasetur Vestfjarða hefur verið með samning við velferðarráðuneytið og sinnt umsýslu sjóðsins. Þar eru yfirlit yfir verkefni vistuð.

Ár hvert gerir innflytjendaráð tillögur til ráðherra um áherslur sjóðsins og einnig um tillögur til úthlutunar. Þema úthlutunar er ákveðið síðar í samráði við ráðherra. Frá því að framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda hefur verið samþykkt hefur auk þess verið hvatt til þess að verkefni sem sótt er um styrk til falli að þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, hvort sem þau hafa verið innan þemans eða fallið að öðrum aðgerðum áætlunarinnar.

Þema úthlutunar 2016 voru rannsóknar- og þróunarverkefni með áherslu á þann mannauð sem býr í innflytjendum og þann styrk sem innflytjendur færa íslensku samfélagi. Einnig að verkefni stuðli að virkri þátttöku innflytjenda í samfélaginu og auki sýnileika þeirra. Árið 2017 var lögð áhersla á þau samfélagslegu áhrif sem fólk af erlendum uppruna hefur á íslenskt samfélag. Næsta úthlutun hefur verið auglýst og er þar lögð áhersla á rannsóknar- og þróunarverkefni sem tengjast börnum og ungmennum af erlendum uppruna. Er það gert í ljósi mikillar fjölgunar innflytjenda hér á landi. Það verður því sífellt nauðsynlegra að styrkja þær stoðir samfélagsins sem miða að því að gera yngri kynslóðir innflytjenda virkari þátttakendur í samfélaginu og auka sýnileika þeirra.

Árlega úthlutar sjóðurinn 10 milljónum kr. til valinna verkefna. Vegna ríkisstjórnarskipta árið 2016 dróst úr hófi að úthluta úr sjóðnum og var ákveðið að úthluta tvisvar sinnum 15 milljónum kr. í stað þrisvar sinnum 10 milljóna fyrir árin 2016–2018. Fyrri auglýsingin var birt 20. mars 2017 og var úthlutað úr sjóðnum í maí 2017; seinni auglýsingin var birt 9. desember 2017 og er stefnt að því að úthluta úr sjóðnum í mars 2018.

Í apríl 2017 bárust alls 40 umsóknir í sjóðinn, að fjárhæð 61.239.374 kr.

- ▶ Ellefu umsóknir bárust til *rannsóknarverkefna*.
- ▶ Tuttugu og þrjár umsóknir bárust til *þróunarverkefna*.
- ▶ Sex umsóknir bárust til að vinna *önnur verkefni*.

Úthlutað var styrkjum til 15 verkefna, samtals að fjárhæð 14.200.000 kr.

Verkefni skiptust þannig:


- ▶ 5.200.000 kr. til fimm rannsóknarverkefna.
- ▶ 7.100.000 kr. til átta þróunarverkefna.
- ▶ 1.900.000 kr. til tveggja verkefna sem flokkast undir annað.

Verkefni sem hlutu styrk eru fjölbreytt og má þar nefna stjórnmalaskóla fyrir konur af erlendum uppruna, rannsókn á áhrifum nafns umsækjanda á mat á reynslu og hæfni umsækjenda, þróunarverkefni ætlað hinsegin innflytjendum o.s.frv. Styrkjum var úthlutað við hátíðlega athöfn í Hannesarholti 30. maí 2017. Innflytjendaráð hefur leitast við að auka sýnileika sjóðsins. Efnt hefur

verið til opins fundar í kjölfar auglýsingar undanfarin ár og var slíkur fundur síðast haldinn í Iðnó 27. mars 2017. Á þeim fundum hafa verið kynnt þrjú verkefni sem fengið hafa styrk úr sjóðnum og farið yfir áherslur ársins.

Haldinn var kynningarfundur um þróunarsjóðinn föstudaginn 12. janúar 2018 fyrir væntanlega umsækjendur. Kallað hafði verið eftir nánari leiðbeiningum fyrir umsækjendur og var þeim kröfum mætt með fundinum þar sem farið var ítarlega yfir reglur sjóðsins, áherslur ársins og umsóknarferlið. Um 40 manns sóttu fundinn og var gerður að honum góður rómur.

Innflytjendaráð telur tímabært og mikilvægt að hækka fjárhæð sjóðsins sem hefur verið sú sama frá stofnun hans, enda hefur erlendum ríkisborgurum á Íslandi fjölgað umtalsvert á liðnum árum eins og sést á mynd 1. Ef stofnframlag sjóðsins er reiknað miðað við vísitölu neysluverðs frá árinu 2007 til dagsins í dag ætti árlegt framlag til hans að vera 17 milljónir kr. Þróunarsjóðurinn er eini sjóðurinn sem leggur sérstaka áherslu á fjölmenningsarsamfélagið og er því mikilvægur til að stuðla að rannsóknum og þróun varðandi málefni innflytjenda og samfélagsins. Verkefni sem sjóðurinn hefur styrkt hafa leitt til þekkingarauka og reynslu sem vert er að hlúa að. Jafnframt hafa afleiður verkefnanna oft verið samfélaginu til hagsbóta.



Mynd 1. Fjöldi erlendra ríkisborgara með lögheimili á Íslandi

Innflytjendaráð telur afar brýnt að styrkja stöðu sjóðsins og leggur því til að stofnframlag hans verði hækkað í 20 milljónir kr.